

Aðalfundur LÍ
1. nóvember 2024

Ályktun
um aðgerðir gegn auknu aðgengi að áfengi

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 1. nóvember 2024 brýnir alla þingmenn til hispurslausra, markvissra og ákveðinna aðgerða strax, til að draga úr áfengistengdum skaða í íslensku samfélagi. Læknar sjá alvarlegar afleiðingar aukinnar áfengisdrykkju alla daga í sínum störfum. Stöðva þarf þá þróun sem nú hefur orðið varðandi aukið aðgengi að áfengi, svo sem með netsölu og heimsendingu áfengis.